

**Skýrsla stjórnar félagsins
Alnæmisbörn árið 2009**

Lögð fram á aðalfundi félagsins í mars 2010

Alnæmisbörn

Félagið Alnæmisbörn var stofnað vorið 2004 til að styðja starf *Candle Light Foundation*, CLF, í Kampala í Úganda sem Erla Halldórsdóttir, heitin, stofnaði árið 2001. Tilgangur með stofnun CLF og félags Alnæmisbarna er hinn sami, sem er að styðja ungar stúlkur, sem eiga um sárt að binda vegna alnæmis, til þess að hefja nýtt líf. Árið 2010 felst stuðningur Alnæmisbarna í því að greiða skólastyrki til stúlkna á vegum CLF.

Stjórnarstarf

Ný stjórn tók við á aðalfundi Alnæmisbarna í mars 2009. Úr fyrri stjórn gengu Bjarni Reykr Kristjánsson, Helga Tulinus og María J. Gunnarsdóttir. Í þeirra stað tóku sæti: Ásdís Ólafsdóttir, Lárus Valgarðsson og Sigríður Baldursdóttir. Ný stjórn skipti með sér verkum á fyrsta stjórnarfundinum og er Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir, formaður, Hildur Gestsdóttir, varaformaður, Ásdís Ólafsdóttir, gjaldkeri, Sigurlaug Hauksdóttir, ritari og Lárus Valgarðsson, Ragna Karlsdóttir og Sigríður Baldursdóttir, meðstjórnendur.



Ný stjórn 2009. Sitjandi frá vinstri er Hildur og Lárus og standandi Ásdís, Ingibjörg, Sigurlaug og Sigríður. Á myndina vantar Rögnu Karlsdóttur sem var fjarverandi.

Stjórnin hélt alls 11 stjórnarfundum á starfsárinu. Fundir voru vel sóttir og margvísleg málefni Alnæmisbarna rædd, svo sem samvinna við CLF, fjármál félagsins og möguleg fjáröflun. Stjórnarfundir voru að jafnaði haldnir annan fimmtudag í hverjum mánuði fyrir utan sumarmánuðina.

Alnæmisbörn greiða ekki lengur leigu fyrir húsnæði CLF eins og áður þar sem fjárhagsstaða félagsins leyfir það ekki, heldur eingöngu styrki til skólastúlkna á vegum stofnunarinnar. Til þess að draga enn frekar úr útgjöldum ákvað stjórnin haustið 2009 að aðeins þær skólastúlkur sem þegar hefðu hafið nám nyttu styrkja. Til þess að átta sig betur á skuldbindingum félagsins óskaði stjórnin eftir áætlun frá framkvæmdastjóra CLF um skólastyrki árin 2010 og 2011.

Ljóst er að stúlkum sem njóta skólstyrkja mun fækka úr 25 árið 2009 í 21 árið 2010 og 17 árið 2011.

Stjórn Alnæmisbarna stóð fyrir sölu á notuðum barnafötum í Kolaportinu í lok apríl 2009 til þess að afla fjár til skólstyrkja. Félagsmenn og aðrir sendu stjórninni fötin og sá hún um að fara í gegnum þau og flokka. Við sama tækifæri voru seldar hálsfestar sem stúlkur hjá CLF höfðu búið til og þrjár stjórnarkonur Alnæmisbarna tóku með sér heim úr ferð sinni til Úganda í lok árs 2008. Stjórnarmenn seldu jafnframt hálsfestar og körfur á vinnustöðum sínum og í Kolaportinu í lok apríl. Samanlagður ágóði af sölnunni var kr. 75.000 sem er mun hærri upphæð en hefði fengist við sölu í Úganda.

Gengishrun íslensku krónunnar hafði þau áhrif 2009 að stjórn Alnæmisbarna taldi ekki mögulegt lengur að afla fjár til verkefnisins „Gefðu skjól” eins og gert var árið 2008. Fé sem safnað var þá rann til *Mother Child/alive* verkefnisins í Norður-Úganda. Verkefnið „Gefðu skjól” var unnið í samvinnu við ABC-barnahjálp.

Stjórn Alnæmisbarna sótti vorið 2009 um tvo styrki til góðgerðarsjóðs, AlheimsAuður, AuðarCapital. Annarsvegar var sótt um 300.000 kr. styrk til smálánasjós CLF og hins vegar um 200.000 kr. styrk til greiðslu skólagjalda bágstaddra stúlkna á vegum CLF. Báðum umsóknum var hafnað. Sótt verður að nýju um styrki til sjóðsins vorið 2010.

Alnæmisbörn komu að alþjóðlega 16 daga áttakinu gegn kynbundnu ofbeldi sem stóð frá 25. nóvember til 10. desember 2009 en tóku ekki þátt í viðburðadagskrá þess. Nánari upplýsingar um átakið má finna á heimasíðu Mannréttindastofu Íslands (<http://www.humanrights.is/servefir/16dagar>).

Ósk barst til stjórnarinnar frá samtökunum *The Great Valley Children's Centre* í Kampala um samstarf við Alnæmisbörn en ekki var orðið við henni. Áhugi samtakanna var kynntur framkvæmdastjóra CLF.

Fjármál

Staða íslensku krónunnar hefur leitt til þess að meira fé þarf að greiða í skólstyrki þó að færri stúlkur njóti þeirra. Til þess að geta staðið straum af skuldbindingu vegna skólstyrkja þarf félagið að hafa rúmlega kr. 500.000 í tekjur umfram félagsgjöld og styrki félagsmanna. Stjórn Alnæmisbarna mun meta fjárhagslega stöðu félagsins í maí 2010 þegar ljóst er hvernig innheimtu félagsgjalda og styrkja hefur gengið fyrstu mánuði ársins.

Tekjur

Tekjur félagsins árið 2009 voru félagsgjöld, styrkir og tekjur frá sölu á notuðum barnafötum í Kolaporti. Af 79 skráðum félagsmönnum greiddu 51 árlegt félagsgjald að upphæð kr. 2.000 kr. og einn félagsmaður sem greiddi kr. 4.000. Tekjur Alnæmisbarna vegna félagsgjalda árið 2009 voru kr. 108.500.

Styrktaraðilar félagsins voru 35 árið 2009 og greiddu þeir að jafnaði kr. 500 til kr. 2.500 kr. á mánuði. Einn styrktaraðili greiddi 5.000 kr. einu sinni. Nær allir styrktaraðilar eru félagsmenn eða 30 af 35. Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR, styrkti félagið með kr. 200.000 árið 2009.

Sala Alnæmisbarna á notuðum barnafötum o.fl. í Kolaportinu helgina 25. - 26. apríl 2009 skilaði kr. 30.700 í ágóða sem lagður var inn á rekstrarreikning félagsins.

Fjármagnstekjur vegna rekstrarreiknings voru kr. 87.353 og af öðrum reikningi sem félagið á kr. 1.653. Staða á rekstrarreikningi var kr. 700.851 í árslok 2009.

Útgjöld 2009

Útgjöld félagsins árið 2009 voru gjöld vegna reksturs heimasíðu, þjónustugjöld og þóknun til banka og fjármagnstekjuskattur. Gjöld vegna reksturs heimasíðu voru kr. 38.117, þjónustugjöld og þóknun kr. 7.405 og fjármagnstekjuskattur kr. 9.678.

Bent er á að vinna við umsýslu félagsins og öll önnur vinna í tengslum við starfsemi þess og verkefni er ólaunuð.

Millifærslur

Alnæmisbörn millifærðu styrki sem *Reykjavik Geothermal*, RG, veittu CLF skv. samkomulagi milli Alnæmisbarna og Reykjavik Geothermal, sjá bls. 5. Alls voru millifærðar kr. 1.298.000 árið 2009. Greiðsla, kr. 75.000, fyrir hálsfestar og körfur sem stúlkur hjá CLF höfðu búið til og Alnæmisbörn seldi var millifærð á reikning CLF.

Kertasjóður

Í kertasjóð Alnæmisbarna eru nú um kr. 280.000 kr. Stjórn Alnæmisbarna hefur ákveðið að fé í sjóðnum verði nýtt í rekstur CLF ef þörf krefur. Jafnframt ákvað stjórnin að kanna hvort hluti af fé sem er í sjóðnum eigi að fara til þess að greiða fyrir lækniástoð fyrir stúlkur hjá CLF og eða barna þeirra ef stofnunin er ekki fær um það. Upphaflega stóð til að sjóðurinn væri nýttur til ferðalaga og efniskaupa.

Heimasíða og fjölmiðlun

Umsýsla heimasíðu er nú mun auðveldari en áður eftir að þrír stjórnarmenn, þau Lárus, Hildur og Ingibjörg, sóttu örstutt námskeið hjá Hringbrot í notkun forritsins WordPress sem heimasíðan byggir á. Lárus sér nú alfarið um heimasíðuna og hefur gert á henni ýmsar endurbætur, sjá www.hiv-born.is. Auk upplýsinga um Alnæmisbörn er hægt að nálgast ýmis gögn frá Candle Light Foundation á heimasíðunni, svo sem ársskýrslur stofnunarinnar.

Tvær greinar birtust í fjölmiðlum árið 2009 þar sem Alnæmisbörn var getið. Í grein sem birtist í Morgunblaðinu í mars 2009 var sagt frá ferð þriggja stjórnarkvenna Alnæmisbarna, Ingibjargar, Maríu og Sigurlaugar til Úganda þar sem þær kynntu sér verkefni Alnæmisbarna. Með greininni birtist stutt lýsing, Arfleið Erlu, á stofnun Candle Light Foundation og Alnæmisbörnum. Í grein sem birtist í tímaritinu Rauði borðinn í desember 2009 sagði Sigurlaug frá eigindlegri rannsókn á hvernig alnæmisfaraldurinn hafði áhrif á líf stúlkna sem voru í þjálfun hjá CLF og eða nutu skólastyrkja á vegum stofnunarinnar.

Hildur, varaformaður Alnæmisbarna, hélt fyrirlestur um stofnun og starfsemi Alnæmisbarna hjá Soroptimistafélaginu í Kópavogi í október.

Candle Light Foundation

Sáttmáli

Alnæmisbörn og CLF gerðu með sér nýjan sáttmála í ársbyrjun 2009. Helstu breytingar frá sáttmála frá árinu 2007 eru að skil á ársskýrslu og fjárhagsáætlun CLF eiga að berast til Alnæmisbarna eigi síðar en í janúar ár hvert.

Áfram stendur að CLF skuli hafa *NGO* leyfi (*Non Governmental Organization*) frá stjórnvöldum í Úganda og að Alnæmisbörn fái senda endurskoðaða reikninga CLF sem og fundargerðir og fundargögn stjórnar CLF. Ölli ákvæði voru uppfyllt af sáttmálans voru uppfyllt af hálfu CLF árið 2009. Nefna má *NGO* leyfi stofnunarinnar gildir til fimm ára.

Nýr styrktaraðili Candle Light Foundation, Reykjavik Geothermal

Alnæmisbörn og *Reykjavik Geothermal* (RG), gerðu með sér samkomulag í mars 2009 um að RG greiði mánaðarlega framlög til Alnæmisbarna sem renni óskipt til reksturs CLF. Í samkomulaginu segir að stefnt skuli að því að upphæð styrksins verði á milli USD 600-1000 á mánuði og nam hann alls kr. 1.298.000 til CLF á árinu 2009. Styrkurinn fer til greiðslu á launum starfsmanna og leigu á húsnæði.

Ársskýrsla Candle Light Foundation 2009

Hér á eftir eru tekin nokkur atriði úr ársskýrslu CLF. Skýrsluna í heild sinni er að finna á vef Alnæmisbarna, www.hiv-born.is, undir *Candle Light Foundation*.

Tekjur

Í ársskýrslunni kemur m.a. fram að tekjur CLF árið 2009 voru kr. 8.392.679 (miðað er við gengið 0,07). Um 55% af tekjunum eru styrkir, um 39% tekjur vegna sölu á vörum framleiddum hjá CLF og um 7% styrkur frá ábyrgðarmönnum (guardians) og öðrum tekjulindum. Styrkur sem Alnæmisbörn veita er um 18% af tekjunum, aðstoð Þróunarsamvinnustofnun Íslands í Úganda (ICEIDA) um 17% og styrkur RG um 16%. Alnæmisbörn styrkja alfarið skólagöngu stúlkna og ICEIDA greiðir fyrir þjálfun stúlkna, þ.e. laun þjálfara og efni sem er notað við þjálfun. Styrkur RG fer í rekstur CLF eins og áður segir.

Endurhæfing

Árið 2009 unin nutu 121 stúlka, sem átti um sárt að binda, styrkja frá CLF til endurhæfingar. Meira en 70 stúlkur sem luku við þjálfun fengu vinnu að henni lokinni við ýmiss störf. Tuttugu og fimm stúlkur gengu í skóla á vegum stofnunarinnar árið 2009. Frá upphafi hefur stofnunin styrkt 457 stúlkur og 69 ungarbörn.

Smálánasjóður

Smálánasjóður CLF, sem Alnæmisbörn komu á fót árið 2007, skilaði tekjuafgangi árið 2009. Sjóðurinn er rekinn með vöxtum sem greiddir eru af lánnum. Í upphafi árs 2009 var inneign í sjóðnum rúmlega kr. 90.000. Árið 2009 voru veitt lán úr sjóðnum að upphæð kr. 220.500 og lán sem voru greidd til baka námu um kr. 232.000. Flest lán, sem eru veitt úr sjóðnum, eru að andvirði um kr. 10.000 og nýta stúlkurnar þau t.d. fyrir kaupum á saumavél, kæliskáp eða tækjum til þess að nota við hárgreiðslu. Sjá nánar um smálánasjóðinn í skýrslu stjórnar 2008.

Áskoranir CLF og áætlun 2010

- Framlag ICIEDA er lægra en áður.
- Húsnæði er ónógt fyrir þjálfun stúlkna.
- Stúlkur, sem eru í þjálfun, mæta ekki og CLF hefur ekki fjármagn til þess að ná í þær.
- Bifreið í eigu CKF er kominn til ára sinna og orðinn of dýr í rekstri.
- Smálán eru ekki borguð í tíma.

Í áætlun CLF fyrir árið 2010 er m.a. gert ráð fyrir að leggja meiri áherslu á að afla fjár, bæta gæði og markaðssetningu framleiðslu og byggja verknámsmiðstöð.

Alnæmisbörn og starfið árið 2010

Starfsemi stjórnar Alnæmisbarna árið 2010 miðast fyrst og fremst að því að afla fjár til þess að geta staðið straum af skuldbindingum um styrki til skólastúlkna. Til þess að afla fjár mun stjórnin:

- Leita leiða til þess að afla nýrra styrktaraðila, félagsmanna og fjár.
- Kanna hvort að félagsmenn og styrktaraðilar hafi áhuga á að greiða skólstyrki til ákveðinna stúlkna og hvort að vinnustaðir og skólabekkir hafi áhuga á að sameinast um að styrkja eina stúlku.
- Selja brauð og kökur í Kringlunni vorið 2010 og notuð barnaföt í Kolaportinu um haustið.

Stjórnin stefnir jafnframt að því að kynna betur Alnæmisbörn og CLF á árinu með því að útbúa kynningarefni um tilurð, markmið og starfsemi Alnæmisbarna og CLF.

f.h. stjórnar Alnæmisbarna
Ingibjörg R. Guðlaugsdóttir, formaður